

## FUNDARGERÐ

262. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

Haldinn í Efstaleiti 1, 25. október 2023 og hófst kl. 16:15.

Mætt voru stjórnarmennirnir Silja Dögg Gunnarsdóttir, Ingvar Smári Birgisson, Diljá Ámundadóttir Zoëga, Þráinn Óskarsson, Rósa Kristinsdóttir, Aron Ólafsson, Mörður Áslaugarson og Margrét Tryggvadóttir. Marta Guðrún Jóhannesdóttir sat fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Að auki sátu fundinn Hrafnhildur Halldórsdóttir áheyrnarfulltrúi, Stefán Eiríksson útvarpsstjóri, Bryndís Dagsdóttir fjármálastjóri og Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

### 1. Fundargerðir

Fundargerð nr. 261 var lögð fram til samþykktar. Gerðar voru breytingar á dagskrárliðnum önnur mál og var fundargerðin samþykkt í kjölfarið. Umræður voru um fyrirkomulag fundargerða.

### 2. Fjármál

Forstöðumaður fjármála kynnti afkomu septembermánaðar og stöðuna eftir fyrstu níu mánuði ársins. Tekjur í september voru 6,9 m.kr. yfir rekstraráætlun og eftir níu mánuði voru tekjur 115 m.kr. hærrí en gert hafði verið ráð fyrir. Afkoma fyrir afskriftir í mánuðinum séu 41 m.kr. betri en áætlað var.

Hagnaður samstæðunnar fyrir afskriftir séu 722 m.kr. Greint var frá því að afskriftir séu skv. áætlun en fjármagnsliðir séu 64 m.kr. hærrí en áætlað var, sem rekja megi til hækkunar verðbóta á LSR láninu. Niðurstaða fyrstu níu mánaða ársins sé því 18,5 m.kr. fram úr áætlun, en hagræðingaraðgerðir sem ráðist hafi verið í vor eigi að stuðla að því niðurstaðan verði réttum megin fyrir árslok.

Farið var yfir stöðuna á kaupum á sýningarrétti af sjálfstæðum framleiðendum. Samkvæmt þjónustusamningi sé lögð sú skylda á RÚV að kaupa sýningarrétt af sjálfstæðum framleiðendum að lágmarki 660 m.kr. á árinu. Miðað við stöðuna nú megi ganga út frá því að kaupin verði að a.m.k. sú fjárhæð á árinu.

Þá hafi birgðapök sýningarréttar í lok september verið með hærra móti en þökin hafi ekki hækkað í rúmt ár. Þar sem RÚV hafi þurft að hagræða í rekstri þá hafi verið gripið til þess ráðs að fresta sýningu stórra dagskrárliða sem sé að hluta til ástæðan fyrir þessum háu birgðapökum. Að auki hafi verið keyptur sýningarréttur vegna íþróttaviðburða til lengri tíma en hér sé um að ræða efni sem muni verða sýnt á komandi vetri sem mun leiða til lækkunar þakanna. Ákveðið var að fara betur yfir stöðu birgðapakka í byrjun árs og gera mögulegar breytingar á núverandi fyrirkomulagi.

Að lokum var kynnt staða á aðkeyptri verktöku og fjöldi stöðugilda hjá RÚV.

### 3. Kynning sviða – fréttastofa RÚV

Heiðar Örn Sigurfinnsson fréttastjóri kynnti starfsemi fréttastofu.

### 4. Minnisþingur útvarpsstjóra

Útvarpsstjóri gerði grein fyrir Útvarpsþingi sem haldið var 28. september sl. sem heppnaðist afar vel. Yfirskrift þingsins var RÚV í samfélaginu og voru þrír fyrirlesarar með innlegg á þinginu, auk pallborðsumræðna. Í kjölfarið voru haldnar málstofur með dagskrárgerðarfólki og fréttamönnum þar sem nánar var rýnt í lýðræðishlutverk RÚV. Áfram verði unnið með helstu niðurstöður og útkoman nýtt í frekari þróun dagskrár og fréttumfjöllunar.

Þó - MT  
UB  
LB

Þá nefndi útvarpsstjóri árlegan ársfund ríkisfyrirtækja sem haldinn var fyrir í mánuðinum, en þar var áhersla lögð á sjálfbærni í rekstri fyrirtækja. Jafnframt var kynnt á fundinum ársskýrsla ríkisfyrirtækja fyrir árið 2022 þar sem margvíslegan fróðleik sé að finna.

Útvarpsstjóri gerði grein fyrir nýlegum fundi norrænna útvarpsstjóra, þar sem fjölbreytt samstarf norrænu ríkisfjölmiðlanna var til umræðu og sameiginleg verkefni á öllum sviðum. Töluverðar umræður voru á fundinum um öryggismál og öryggishlutverk almannþjónustumiðla, en það hafi verið í fókus í kjölfar hernaðaráttaka.

Loks gerði útvarpsstjóri grein fyrir ýmsum málum í starfsemi RÚV, þar á meðal áherslu í fræðslumálum, stefnu RÚV um heilsu og velferð starfsfólks sem kynnt var fyrir í haust, samstarfi á vettvangi EBU um fjölbreytileika, jafnræði og inngildingu, starfsnemum í diplómanámi við HÍ sem komið hafa í starfsnám til RÚV á árinu, samstarfi við námsbraut í blaða- og fréttamennsku við HÍ og síðast en ekki síst áhrifum kvennaverkfalls 24. október sl. á starfsemi RÚV og hvernig RÚV tókst á við þá stöðu.

## 5. Önnur mál

Stjórnarmaður spurðist fyrir um fyrirkomulag gæðaeftirlits og ákvarðanatöku um sýningar á heimildamyndaflokki um hrúnið. Útvarpsstjóri gerði grein fyrir þeim meginatriðum sem lögð séu til grundvallar við kaup og meðframleiðslu á heimildamyndum, þar sem horft sé til margra þátta. Gæðaeftirliti væri sinnt með þeim hætti að dagskrárstjórar fylgdust með verkum í framleiðslu og kæmu með athugasemdir um innihald, viðfangsefnið eða hvað það sem stangast á við lög eða stefnu RÚV þegar myndir séu á framleiðslustigi. Umrædd heimildamynd hefði farið í gegnum slíkt gæðaeftirlit. Frá upphafi var ljóst að markmið með gerð myndarinnar og áætlun framleiðanda var að leita til þeirra sem stóðu í framlínunni í bankahrúninu, stjórnáamanna og bankamanna, og fylgjast með þeim afleiðingum sem hrúnið hafði fyrir þá viðmælendur. Öðrum þáttum hrúnsins hefðu verið gerð skil með fjölbreyttum hætti hjá RÚV, til dæmis í þáttaröðinni Hrúnið sem nú væri aðgengileg í spilara RÚV.

Fundi slitið.

*Ingvor Brian Þingsson*

*Tilvargrætt Þingsson.*

*Þórunn Óskau.*

*Hafurhildur Jónsdóttir*

*MSJ*